



Fundargerð

488. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
sem haldinn var á Klausturvegi 4
fimmtudaginn 23. febrúar 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2302037 - Tilboð í land og húsnæði ríkisins á Kirkjubæjarklaustri

Sveitarstjóri greindi frá stöðu mála vegna hugsanlegra kaupa Skaftárhrepps á landi ríkisins á Kirkjubæjarklaustri. Jafnframt greindi sveitarstjóri frá samningaviðræðum Skaftárhrepps og ríkisins vegna fyrirhugaðra kaupa sveitarfélagsins á Skriðuvöllum 11, Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga um kaup á landi á Kirkjubæjarklaustri og á Skriðuvöllum 11 fyrir 260 til 270 ha úr landi Eintúnaháls.

2. 2302039 - Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps

Sveitarstjóri lagði fram uppfærða húsnæðisáætlun Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, fyrirliggjandi húsnæðisáætlun og felur sveitarstjóra að ganga frá henni til birtingar.

3. 2302042 - Skólamál

Oddviti lagði fram tillögu um að öllum nemendum 5 bekkjar, Kirkjubæjarskóla á Síðu yrðu gefnar spjaldtölvur, að gerðinni iPad 10.2 64GB ásamt lyklaborði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu og er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Kostnaður við þessi kaup er tekin af lið 2140/4925.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að kaupa 6 spjaldtölvur fyrir kennara. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ennfremur að fela skólastjóra að semja reglur um notkun spjaldtölva og leggja þær fyrir fræðslunefnd til samþykktar.

J.G. BHS
Siu Ak GOS



4. 2302038 - Starfsmannamál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeirri stöðu sem upp væri komin í starfsmannamálum hjá sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að semja við verkfræðistofu um starf skipulags- og byggingarfulltrúa tímabundið til að leysa þau verkefni sem liggja fyrir.

Fundargerðir til samþykktar

5. 2302040 - Skógasafn

Fundargerð frá 1. febrúar 2023.

Safnstjórn Skógasafns, óskar eftir samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps, fyrir því að safnstjóri vinni áfram tillögu að viðbyggingu við samgöngusafn og eldhús og kanni fjármögnunarmöguleika.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða að haldið verði áfram með tillögu safnstjórnar og kannaðir fjármögnunarmöguleikar fyrir viðbygginguna.

Önnur mál

6. 2302043 - Yfirdráttahæimild

Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til framlengingar á yfirdráttarheimild að upphæð 30 millj.kr til eins árs. Um er að ræða ráðstöfun í varúðarskyni til að mæta mögulegri fjárþörf vegna framkvæmda á næstu mánuðum. Engir vextir eru greiddir af heimildinni nema af þeirra fjárhæð sem notuð er.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlengingu yfirdráttarheimildarinnar

7. 2302044 - Rekstrarleyfi umsókn

Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 22. september 2021, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Sönghóls ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-D gistiskáli. Staðsetning gististaðana er Hæðargarður G5, Hæðargarður G6 og Hæðargarður K3.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

J.-S. BHS GBS
Siv. AL



Skaftárhreppur

8. 2302045 - Skipun tímabundið í stöðu byggingarfulltrúa


Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa Berg Kristinn Guðnason, í stöðu byggingarfulltrúa til að gefa umsögn um leyfisveitingu Sönghóls ehf. vegna reksturs gististaðar í flokki II-D gistiskáli. Staðsetning gististaðana er Hæðargarður G5, Hæðargarður G6 og Hæðargarður K3.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 13.56 .


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmundsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson

